



## Stjórnarfundur - 15.4.2014

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í A sal ÍSÍ Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 15. apríl 2014 kl. 18:00

**Mætt:** Guðbergur Reynisson, Einar Gunnlaugsson (Skype), Ari Jóhannsson, Ragnar Róbertsson, Helga Katrín Stefánsdóttir, Jón Bjarni Jónsson, Þórður Bragason, Gunnar Bjarnason og Þrándur Arnþórsson sem ritaði fundargerð.

**Ekki mætt:** Tryggvi M Þórðarson boðaði forföll.

### 1. Fundarform

Þriðjudagar kl 18. Fyrsti og þriðji þriðjudagur í mánuði. Næsti verður raunfundur. Þar næsti verður prufu Google Hangouts. Farið yfir fundargerð í lok fundar og hún samþykkt. Efni til umræðu sent minnst einum degi fyrir fund. Fundargerðir á vefinn? Ákveðið að hafa þetta á netinu.

### 2. FIA Sporting Conference #420

Ákveðið að formaður og varaformaður fari utan á þessa ráðstefnu. Samþykkt. Kostnaður áætlaður 183.000 en gæti lækkað. ÞA pantar ferð.

### 3. Öryggisnámskeið #405

Málið rætt.

### 4. Skipað í laga- og reglunefnd AKÍS

Laga og reglunefnd á að sjá um að samræma reglur keppnisráða, viðhalda keppnisreglum, halda utan um ef berast tillögur að lagabreytingum á lögum AKÍS, halda góðu sambandi við Ríkislögreglustjóra og aðra sambærilega aðila, taka við og samhæfa reglubreytingar frá FIA og FIA-NEZ. Útbúa reglugerðir fyrir hinar ýmsu nefndir.

Reglur og reglugerðir skulu vera tilbúnar fyrir Formannafund.

Búið er skipa í nefndina.

### 5. Tengiliður við Umferðarráð

Formaður tekur þetta að sér þetta árið.

### 6. Önnur mál

#### +Fjármál AKÍS

Umræða - eru í góðum málum.

#### +Keppnisráð

Eru komin í gang.

#### +LÍA AKÍS sameining

Verið að vinna í þessu í samráði við ÍSÍ og laganefnd AKÍS.

#### +Brautarúttektir

Tekið fyrir á næsta fundi.

#### +Keppnisreglur AKÍS

Eru komnar á vef AKÍS.

#### +GoKart fulltrúi í stjórn

Gunnar Bjarnason.



## **Akstursíþróttasamband Íslands**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 19:37

Þrándur Arnþórsson